


## Tennissamband Íslands



**Mættir:** Helgi, Bragi, Gunnar, Þrándur, Raj og Ásta.

**Fundarritari:** Bragi

**Fundarefni:**

- Mót fram að áramótum.** Samkvæmt áætlun. Ásta hefur kannað möguleika á styrkjum vegna móta. Samþykkt að Raj sjái um að mót á vegum tennissambandsins fari vel fram og öllu sé sinnt sem þarf að sinna. Ásta og Helgi sjá um að fá stuðning við mót í nóvember.
- Fed cup og Davis cup.** \$2.500 styrkur fæst fyrir hvora keppni frá alþjóðatennissambandinu.
- Afreksmál, landsliðsmál og fagteymi.**

Landsliðsþjálfarar lýsa ánægju með fagteymi og námskeið. Námskeið í næringarfræði og forvörnum meiðsla framundan. Búningar klárir, en þarf að merkja. Verða boðnir þeim sem eru í úrvalshópum 7.000 kr. fyrir eldri, en 5.000 kr. fyrir börn.

Fagteymi til næsta hausts: Raj, Jón Axel og Carola. Magnús vinnur að afreksstefnu með fagteymi og stjórn í tengslum við nám sitt.

Fagteymi komi með tillögur um hvernig landslið verði valin í öllum flokkum út frá árangri o.fl. Stjórn skoðar það í framhaldinu og ákveður.
- Efnilegur Íslendingur**

Frést hefur af 14 ára dreng sem er nr. 160 í sínum aldursflokki í Bretlandi. Vonast er til að hann keppi á mótum hér.
- Styrkur vegna tennishallar í Reykjavík**

Helgi sendi inn umsókn um 2 milljónir króna.
- Aðstaða vegna smáþjóðaleika 2015**

Nefnd, Raj, Óskar og Indriði vinna að framtíðarplani fyrir aðstöðu fyrir tennis í Reykjavík, með áherslu á frábæra aðstöðu í Laugardalnum fyrir smáþjóðaleika 2015. Mikilvægt að hafa möguleika á „bólu“ yfir vellina. Hugsanlegt að ráða framkvæmdastjóra tímabundið í hlutastarf vegna mikilla verkefna fram að smáþjóðaleikum.
- Nefnd vegna smáþjóðaleika**

Helgi, Raj, Jónas, Gunnar, Ásta, Grímur og Jón Axel. Búin að skila skýrslu til ÍSÍ. Næstu skref koma frá ÍSÍ.

Fundi slitið.